

Eg á ei ráð á neinum tröllatökum,
en tungan er þó laus og penninn frjáls,
ef tíminn veitti stund að sinra stökum
og stefna þeim að liði göfugs mäls.

Eg veit þið megið velta grjóti þungu;
hvert veglegt smíði heimtar afl og þor;
eg veit hvað leiðin grýtt er öllu ungu,
sem ekki þýðist gömul króka spor.

Að reisa borg á bjargi staðvænlegu,
semi breytist ekki' í sand við heilbrigð rök
og ryðja þunga breiða beina vegu,
sú bygging kostar þúsund grettis tök.

Það fjöldinn telur fordæmingar efni,
að hletta nýju blaði í lífsins bók;
hann skoðar það sem skort á undirgefni,
að skygnast inn í nokkurn hulinn krók.

En sé það sunán að hafna fornnum fræðum
og fylla hóp í nýrri síðaleit,
þá ei það líka skömm að skifta klæðum,
og skömm að bæta flísk, er tíminn sleit.

Skammsýni.

Á hringlanda lífsins og hávaða' og glaum
vér hlustum, og niðinn í tímanna straum,
er stefnulaust hrekur vort flughraða fley,
en fínustu nóturnar heyrum vér ei.